

I2.tbl.

23.mars. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Gauragangur

Leikrit eftir Ólaf Hauk Símonarson, tónlist eftir Nýdönsk

Lokasýning leikritsins Gauragangs
verður
laugardaginn 25. mars kl. 16:00

Miðapantanir og nánari upplýsingar:

- ★ s. 618-0847
- ★ umfelling@gmail.com
- ★ www.facebook.com/leikdeild.efling

Félögum í Framsýn, Þingið og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fá afsláttarmiða hjá sínum stéttarfélögum áður en þeir koma á leiksýningu og fá þannig 1000 kr. afslátt.

Við minnum bæði á Dalakofann fyrir eða eftir sýningar sem og kaffi- og vöflusölu Kvenfélags Reykdæla á sýningum. Húsið opnar 30 mínútum fyrir sýningar.

VELKOMIN Í LEIKHÚS Á BREIÐUMÝRI



UNG MENNAFÉLAGIÐ
EFLING
LEIKLISTARHÓPUR

Sumarferð Félags eldri borgara í Þingeyjarsveit

Kæru félagar.

Stjórnin hefur ráðgert að sumarferðin verði farin 8. - 11. Júní. Farið verður á Snæfellsnes og gisti 3 nætur á Hótel Langaholt, sem er sunnan á nesinu. Reynt verður að ferðast um nesið og nágrennasveitir með leiðsögn Gunnlaugs Árnasonar.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku fyrir 1. apríl til Anítu í síma 8943286 eða Ingvars í síma 8993286.

Stjórnin.

ÞARF AÐ MÁLA FYRIR SUMARIÐ?

Getum bætt við okkur málningarverkefnum innanhús fram að vori.

Sæmundur Þór Sigurðsson
málaramestari. Sími 840 6466
Snow Dogs ehf.
Vallholti.



Aðalfundur

Félag eldri Mývetninga
heldur aðalfund miðvikudaginn 29. mars 2023 í

Sel - Hótel Mývatni kl. 16:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Veitingar í boði félagsins.

Fögnum nýjum félögum.

Stjórnin



Aðalfundur

Hjálparsveitar skáta í Aðaldal

verður haldin þann 28. mars nk. í húsi sveitarinnar
að lójugerði 1. Fundurinn hefst kl 20:00.

Hvetjum þau sem hafa áhuga á að ganga í sveitina að mæta,
öll velkomin.

Kaffi og með því á staðnum

Kveðja Stjórnin



Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

<i>Hálfsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 4.350.- m.vsk</i>
<i>heilsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 6.300.- m.vsk.</i>

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386



Tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit 2023

Í dymbilviku 2023 verður lögð áhersla á jazz og dægurtónlist en hefðbundin klassísk tónlist mun einnig skipa sinn sjálfsagða sess.

Í Skjólbrekku á skírdag þann 6.apríl kl.20 verða fluttar útsetningar Þórðar Magnússonar á þekktum íslenskum sönglögum. Einnig verður flutt píanótrío eftir Grieg og dúó fyrir selló og kontrabassa eftir Rossini.

Á föstudaginn langa 7.apríl kl. 20 í Reykjahlíðarkirkju mun hljóma tónlist eftir J.S. Bach og sönglög í jazzútsetningum sem hæfa deginum og kirkjunni.

Tónlistarflytjendur á hátíðinni eru:

Marína Ósk Þórólfsdóttir jazzsöngkona
Laufey Sigurðardóttir fiðla
Bryndís Halla Gylfadóttir selló
Hávarður Tryggvason kontrabassi
Domenico Codispoti píanó

*Hlökkum til að sjá ykkur !
Músík í Mývatnssveit*



STARF

Viltu skella þér í gufu?

Okkur vantar þig í öflugt teymi starfsfólks okkar á Mývatnssvæði. Í starfinu felst viðhald, rekstur og eftirlit á borholum, gufulögnum, skiljustöðvum og tilheyrandi búnaði gufuveita. Þú tekur líka þátt í áætlanagerð og skipulagningu verkefna á svæðinu ásamt því að aðstoða við sýnatökur. Um er að ræða dagvinnu.

Æskileg hæfni:

- Vélfræðingur, vélstjóri, menntun á sviði málmiðnaðargreina
- Þekking á búnaði gufuveitna
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla af suðuvinnu æskileg
- Réttindi og reynsla á vinnuvélum
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl

Fyrirspurnir má senda á
mannaudur@landsvirkjun.is

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/storf

**Þingeyjarskóli í Þingeyjarsveit auglýsir eftir starfsmönnum.
Leikskólastarfsmanni í afleysingar og/eða í framtíðarstarf.
Skólaliða í 80 – 100% starf.
Stuðningsfulltrúa við leikskóladeildina Barnaborg í 100% starf**

Við leitum að starfsmönnum sem:

- Treysta sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Eru lausnamiðaðir
- Eru sveigjanlegir og með góða samskiptahæfni
- Eru sjálfstæðir í vinnubrögðum og sýna/búa yfir frumkvæði
- Hafa metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vilja taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Bera virðingu fyrir börnum og hafa áhuga á að starfa með þeim

Þingeyjarskóli er samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknir skulu sendast á netfangið

johannrunar@thingeyjarskoli.is

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri

í vs 4643580 /8990702 eða í gegnum

netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Man einhver eftir Helga í Holti?

Föstudagskvöldið 31. mars segir Viðar Hreinsson frá heiðarbúanum Helga í Holti (1890-1969) sem var áhugaverður persónuleiki, fræðapular, ættfróður, skáldmæltur, nokkuð sérsinna og uppreisnargjarn í hugsun. Hann safnaði saman miklum fróðleik en eina sem var gefið út eftir hann var bók um Látra-Björgu. Þessi viðburður er hluti af Brúar- kvöldum, röð samverustunda þar sem fræðimenn og heimamenn kynna störf sín s.s. rannsóknir, gagnaöflun og skrif og eru annars vegar liður í að efla tengsl milli heimanna og fræðimanna og hins vegar vettvangur fyrir heimamenn til að kynna störf sín á heimavelli. Viðburðurinn er styrkur af SSNE

Staður og tími: kl 20:00, Kiðagili Bárðardal

Allir velkomnir